

## Reglugerð Styrktarsjóðs Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ)

### 1. grein Heiti, heimili og varnarþing

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Verkfræðingafélags Íslands. Varnarþing er Reykjavík. Heimili sjóðsins er að Engjateigi 9 í Reykjavík.

### 2. grein Hlutverk

Sjóðnum skal varið til að styrkja sjóðfélaga sem skulu vera félagsmenn VFÍ eða félaga sem VFÍ hefur gert þjónustusamning við.

1. Taka við umsóknum, ákvarða og annast greiðslur dagpeninga og styrkja vegna:

- Tekjutaps sjóðfélaga vegna ólaunaðrar fjarveru frá störfum, veikinda eða slysa sjóðfélaga eða náinna vandamanna hans eða annarra sérstakra persónulegra aðstæðna.
- Óbættra áfalla vegna óvæntra starfsloka eða annarra óvæntra áfalla sjóðfélaga.
- Styðja félagsmenn vegna endurhæfingar eftir slysa eða sjúkdóma, styðja félagsmenn í fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði þeirra.
- Styðja félagsmenn vegna heilsutengds kostnaðar svo sem heyrnartækjum, gleraugum, kostnaði við laseraðgerðir, tannlækningar o.fl.

Við mat á styrkþörf samkvæmt þessari grein skal meðal annars taka tillit til atvinnutekna, bótatekna frá almannatryggingum, skaðabótakrafna og sjúkrabóta, fjölskyldustærðar og annarra heimilisaðstæðna.

2. Við andlát sjóðfélaga greiðir sjóðurinn út dánarbætur. Dánarbætur ganga til eftirlifandi maka eða sambýlings, sem og barna. Dánarbætur eru aðeins greiddar einu sinni.

3. Sjóðurinn getur varið fé til kaupa á sjúkra- og líftryggingum eða stofnað til samninga við aðra sjúkrasjóði sem leiði til hagsbóta fyrir sjóðfélaga. Enn fremur getur sjóðurinn varið fé til fyrirbyggjandi hóprannsókna.

4. Setja skal gagnsæjar og skýrar reglur þannig að gætt sé jafnræðis sjóðfélaga og um leið skilvirkni og hagkvæmni í rekstri sjóðsins. Stöðlun reglna má þó ekki koma í veg fyrir að sjóðstjórn sé við ákveðnar aðstæður unnt að taka matskenndar ákvarðanir með hliðsjón af persónulegum aðstæðum sjóðfélaga.

### 3. grein Sjóðsaðild og réttindi

#### Sjóðsaðild eiga:

1. Þeir félagsmenn í VFÍ sem greitt er reglulega fyrir í sjóðinn.

Sjóðurinn skal vera sameiginlegur fyrir félagsmenn þeirra launagreiðenda sem eru aðilar að samkomulagi þessu skv. kjarasamningum sem VFÍ hefur gert við fjármálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og hálf opinberu fyrirtækin.

2. Þeir félagsmenn í VFÍ sem hafa síðar gerst aðilar að sjóði þessum með skriflegri beiðni til sjóðsstjórnar um að þeir óski að gerast aðilar að þessum sjóði og að þeir gangist undir ákvæði samnings þessa. Slík beiðni öðlast gildi þegar sjóðstjórn hefur fallist á erindið.

3. Sjóðfélagar sem koma úr Sjúkrasjóði VFÍ flytja með sér áunnin réttindi í Styrktarsjóð VFÍ. Sama gildir um þá sem öðlast hafa rétt úr styrktarsjóðum annarra stéttarfélaga sem veita fyrrverandi

sjóðfélögum Styrktarsjóðs sams konar réttindi.

#### **Réttur til dagpeninga og styrkja úr sjóðnum:**

4. Réttindi til styrkja skulu vera bundin því starfshlutfalli sem sjóðfélagi gegnir á þeim tíma sem umsókn kemur fram, nema sérstakar aðstæður mæli gegn þeirri niðurstöðu að mati sjóðstjórnar.

5. Réttindi til styrkja úr sjóðnum er bundinn því að iðgjald hafi verið greitt vegna sjóðfélaga í a.m.k. sex mánuði og þar af 3 mánuði samfelld áður en tekjutap eða útgjöld, sem veita rétt til styrks úr sjóðnum, áttu sér stað.

Aðrir þeir sem skemur hefur verið greitt fyrir til sjóðsins en undangengna sex mánuði áður en bótaréttur skapast, eiga rétt á hlutfallslegum greiðslum úr sjóðnum. Sjóðstjórn getur vikið frá þessum skilyrðum við sérstakar aðstæður.

6. Sjóðurinn bætir tímabundið tekjutap á vinnumarkaði. Réttur til framlags úr sjóðnum fellur niður þegar sjóðfélagi hættir störfum og iðgjöld hætta að berast sjóðnum.

7. Rétt til fæðingarstyrks eiga þeir sem rétt eiga á dagpeningum, auk þess að hafa a.m.k. 12 mánaða samfellda aðild að Styrktarsjóði VFÍ fyrir töku fæðingarorlofs.

8. Sjóðfélagar sem fara í fæðingarorlof og velja að greiða stéttarfélagsgjald meðan á því stendur halda fullum réttindum.

9. Þeir sem eru atvinnulausir viðhalda rétti sínum til dagpeninga og styrkja í allt að 12 mánuði frá því að iðgjaldagreiðslum lýkur, svo fremi að greitt sé félagsgjald í VFÍ.

10. Stjórn er heimilt að samþykka endurnýjaðan rétt til greiðslna úr sjóðnum til þeirra sem verið hafa frá vinnu af heilsufarsástæðum, vegna náms, starfsþjálfunar eða atvinnuleysis í allt að 24 mánuði svo fremi að greitt sé félagsgjald í VFÍ.

11. Réttur til greiðslna úr sjóðnum fyrnist sé ekki sótt um þær innan 12 mánaða frá því að bótaréttur skapaðist. Réttur til greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar eða starfsmanns sjóðsins fyrnist ef hennar hefur ekki verið vitjað innan 12 mánaða frá því að tilkynning um úthlutunarrétt var send til viðkomandi.

#### **Réttur til dánarbóta:**

12. Rétt til greiðslna eiga makar eða sambýlingar, sem og börn þeirra sem greitt hefur verið fyrir í styrktarsjóðinn í að minnsta kosti 12 mánuði áður en andlát ber að höndum.

13. Ef greitt hefur verið til sjóðsins skemur en í 12 mánuði samfelld áður en greiðslu er hætt þá skapast réttur til hlutfallslegra greiðslna úr sjóðnum.

14. Réttur þessi gildir í 12 mánuði eftir að greiðslu í Styrktarsjóðinn er hætt. Að þessum 12 mánuðum liðnum og næstu 4 árin skerðist réttur til bóta/styrkja síðan hlutfallslega og fellur niður að þeim tíma liðnum.

#### **4. grein Starfsreglur**

1. Sjóðstjórn setur almennar starfsreglur og tekur matskenndar ákvarðanir um úthlutun.

2. Starfsreglur skulu reglulega kynntar sjóðfélögum á viðeigandi vettvangi.

3. Starfsreglur skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og þannig samþykktar af stjórn Kjaradeildar VFÍ og kynntar á aðalfundi VFÍ.
4. Stjórn sjóðsins lætur vinna úr umsóknum og kynna niðurstöður bréflega og með vísan í reglur eða mat stjórnar.
5. Staðgreiðslu skatta skal taka af dagpeningum og styrkfjárhæðum.
6. Sjóðstjórn getur endurskoðað fjárhæð bóta ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

## 5. grein Sjóðstekjur og ávöxtun

Tekjur sjóðsins eru:

1. Lögboðin eða samningsbundin iðgjöld launagreiðanda til sjóðsins. Iðgjaldið skal greitt mánaðarlega eftir á skv. útreikningi launagreiðanda.
2. Vextir og verðbætur af innstæðum sjóðsins.
3. Aðrar tekjur.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar samkvæmt fjárfestingarstefnu sem samþykkt er af stjórn Kjaradeildar VFÍ.

Heimilt er að ávaxta sjóðinn með eftirfarandi hætti:

1. Með ávöxtun hjá bönkum og sparisjóðum.
2. Með kaupum á ríkistryggðum verðbréfum eða skráðum skuldabréfum með sambærilegum tryggingum.
3. Með kaupum í fasteignum tengdum starfsemi sjóðsins.
4. Með öðrum þeim hætti sem stjórn sjóðsins metur tryggan, að undangengu samþykki stjórn Kjaradeildar VFÍ.

Stjórn sjóðsins skal ávallt gæta þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Einnig er sjóðsstjórn skuldbundin til að leggja í slíkt mat við allar meiriháttar breytingar á reglugerð. Mat þetta skal lagt fyrir stjórn Kjaradeildar VFÍ.

## 6. grein Stjórn

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm sjóðfélögum sem eru félagar í VFÍ, tilnefndum af stjórn Kjaradeildar VFÍ til tveggja ára í senn og skal formaður tilnefndur sérstaklega. Annað hvort ár eru skipaðir þrjú fulltrúar og hitt árið tveir.

*Ákvæði til bráðabirgða:*

*Á árinu 2017 verði skipaðir þrjú til tveggja ára og tveir til eins árs.*

Að jafnaði skal leitast við að stjórnarmenn endurspegli sem best þann starfsvettfang sem sjóðfélagar starfa á.

Samfelld stjórnarseta getur mest verið 6 ár.

Um hæfi stjórnarmanna til meðferðar einstakra mála fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga á hverjum tíma. Reynist stjórnarmaður vanhæfur til meðferðar einstaks máls skal stjórn Kjaradeildar VFÍ tilnefna staðgengil hans til meðferðar málsins.

Stjórnarsamþykkt er lögleg ef a.m.k. þrjú stjórnarmanna greiða henni atkvæði.

Sjóðstjórn ber að rökstyðja niðurstöður sínar og afgreiðslu umsókna til sjóðsins í fundargerð, sem skal rituð á fundum stjórnar. Niðurstaða stjórnar er endanleg afgreiðsla máls. Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en sex sinnum á ári. Skýrsla stjórnar sjóðsins, ásamt reglum sjóðsins skal birt á aðalfundi VFÍ svo og endurskoðaðir reikningar sjóðsins.

#### **7. grein Rekstrarkostnaður, ársreikningar og endurskoðun**

Stjórn sjóðsins hefur umsjón með sjóðnum og mælir fyrir um ávöxtun hans. Skrifstofa VFÍ annast, almenna afgreiðslu fyrir sjóðinn, færslu bókhalds, undirbúning þess í hendur endurskoðanda og uppgjör opinberra gjalda vegna fyrirgreiðslu sem sjóðurinn veitir sjóðfélögum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Löggiltir endurskoðendur VFÍ endurskoða reikninga sjóðsins. Skal endurskoðandi senda stjórn sjóðsins reikningana, með áritun sinni. Reikningarnir skulu jafnframt, ásamt skýrslu stjórnar, lagðir fram til kynningar á aðalfundi VFÍ. Sjóðurinn greiðir allan kostnað af starfsemi sinni.

#### **8. grein Slit eða sameining**

Liggi fyrir lögmat ákvörðun um að sameina eða leggja sjóðinn niður skal stjórn sjóðsins taka ákvörðun um ráðstöfun eigna sjóðsins með almenna hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

#### **9. grein Breyting á reglugerð**

Reglugerð þessari má einungis breyta á aðalfundi VFÍ og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

#### **10. grein**

Reglugerð þessi tekur gildi þegar aðalfundur VFÍ hefur samþykkt hana.

Samþykkt á aðalfundi VFÍ 27. apríl 2017

Breyting samþykkt á aðalfundi VFÍ 26. maí 2020